

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2407 2023/EES/30/55**frá 20. september 2022****um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB í því skyni að laga viðaukana að framförum á sviði vísinda og tækni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða sem sett eru fram í alþjóðasamningum um innanlandsflutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.
- 2) Ákvæði þeirra alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Síðustu breyttu útgáfunar gilda frá og með 1. janúar 2023, með umbreytingartímabili til 30. júní 2023.
- 3) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga.
- 4) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á tilskipun 2008/68/EB**

Tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað þáttar I.1 í I. viðauka kemur eftirfarandi:

*„I.1 Evrópusamningur um millilandaflutning á hættulegum farmi á vegum (ADR-samningurinn)**Viðaukar A og B við ADR-samninginn öðlast gildi frá og með 1. janúar 2023 en þó þannig að í stað orðsins „sammingsaðili“ kemur orðið „aðildarríki“, eins og við á.“*

2. Í stað þáttar II.1 í II. viðauka kemur eftirfarandi:

*„II.1 Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (RID-reglurnar)**Viðaukinn við RID-reglurnar öðlast gildi frá og með 1. janúar 2023 en þó þannig að í stað orðsins „RID-sammingsríki“ kemur orðið „aðildarríki“, eins og við á.“*

3. Í stað þáttar III.1 í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„III.1 Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum (ADN-samningurinn)

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

Reglurnar sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn öðlast gildi frá og með 1. janúar 2023, og einnig f- og h-liður 3. gr. og 1. og 3. mgr. 8. gr. ADN-samningsins, en þó þannig að í stað orðsins „samningsaðili“ kemur orðið „aðildarríki“, eins og við á.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. september 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
